



Borgarráð

Reykjavík, 4. maí 2026

MSS26050005

Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og Bjarg íbúðafélags

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar við Bjarg íbúðarfélag um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á næstu árum.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt: Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og Bjarg íbúðafélags dags. maí 2026

Viljayfirlýsing

Í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum gera Reykjavíkurborg, kt. 530369-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, kt. 570480-0149, Ráðhúsi Reykjavíkur og Bjarg íbúðafélag hses. (hér eftir Bjarg), kt. 490916-0670, Kletthálsi 1, 110 Reykjavík með sér svohljóðandi viljayfirlýsingu um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á næstu árum:

1. Reykjavíkurborg lýsir yfir vilja til að úthluta lóðum með byggingarrétti fyrir búseturéttar-eða leiguíbúðir á vegum Bjargs, á eftirfarandi lóðum/svæðum:
 - a. Grundarhverfi á Kjalarnesi
 - b. Gufunes svæði 2
 - c. Veðurstofuhæð
 - d. Hallar
 - e. Kringlureitur
 - f. RALA landið
 - g. Framsvæðið
2. Hönnun íbúðarhúsnæðis verði í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreyttar húsagerðir, blöndun íbúðargerða innan hverfa og aukið framboð smærri íbúða, fyrir alla félagshópa.
3. Verð byggingarréttar fer eftir nánara samkomulagi. Greidd verða gatnagerðargjöld í samræmi við gildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar hverju sinni.
4. Bjarg skuldbindur sig til að framselja Félagsbústöðum hf. 5-10% íbúða sem byggðar verða og getið er um í 1. tölulið þessarar viljayfirlýsingar á kostnaðarverði.
5. Nánari skilmálar lóðanna munu koma fram í úthlutunarbréfi og skipulagsgögnum.

Skrifstofu eignarstýringar á Umhverfis- og skipulagssviði er falið að framfylgja þessari viljayfirlýsingu.

Viljayfirlýsing þessi var samþykkt á fundi borgarráðs 7. maí 2026.

Reykjavík, . maí 2026

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Bjargs íbúðafélags